

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

**Fornleifaskráning innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á Fiskhól og
Hríshól/(Tjaldsvæði) á Höfn í Hornafirði**

Fornleifaskráning 2016

Vala Garðarsdóttir
Sigríður G Björgvinsdóttir

Desember 2016




Inngangur

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Fiskhól og Hríshól á Höfn í Hornafirði (sjá deiliskipulag: kort 1), var framkvæmdarsvæðið tekið út með tilliti til fornminja, líkt og lög gera ráð fyrir. Farið var á vettvang 1.desember 2016 og svæðið tekið út af fornleifafræðingi.



Kort 1. Deiliskipulag af Fiskhól og Hríshól/(Tjaldsvæði) á Höfn í Hornafirði.
(Heimild: Skipulagssvið Sveitarfélags Hornafjarðar, 2016).

Umrætt svæði var að mestu ræktarland rétt fyrir miðja síðustu öld og var þar ýmist engi, tún, matjurtargarðar og önnur ræktarlönd er Hornfirðingar nýttu sér til mateldis og skepnuhalds. (Ræktunarfélag Austur-Skaftfellinga var stofnað 1932, sjá punkt nr. 1 á korti 2). (Saga Hafnar í Hornafirði, 1997).



Kort 2. Myndkort af skráðum minjum á Fiskhól og tjaldsvæði Hafnar í Hornafirði. Svartur rammi afmarkar skipulagssvæðið samkvæmt uppdrætti af korti 1, rauðir punktar sýna staðsetningu minja innan þess.

Heimildir og minjar

Fiskverkun fór fram á Fiskhól, líkt og örnefnið bendir til. Þar var aðallega skreið verkuð og þurrkuð. Engar minjar eru eftir þá vinnslu.

Árið 1949 var Vatnstankurinn reistur ásamt dæluhúsinu og stendur enn á miðjum Fiskhól. Vatnstankurinn er friðaður (sjá punkt 2, kort 2, mynd 1).

Svæðið þar sem tjaldstæðið er og fyrirhugað er að stækka, er að hluta til reist á uppfillingu, ræktunarlandi og holti þar sem nú er skógrækt. Engar sýnilegar minjar eru á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði (sjá myndir 2 og 3).

Við Brautarholt vestan við Fiskhól stóð fjárhús og hlaða (sjá punkt 3, kort 2, mynd 4) en það hefur verið jafnað við jörðu fyrir allöngu síðan (Saga Hafnar í Hornafirði, 1997).

Niðurstaða

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði samkvæmt deiliskipulagi (sjá kort 1) raskar ekki og er ekki innan helgunarlínu friðaðra minja.

Er því ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdaráætlun haldist óbreytt með tilliti til fornminja.

Virðingarfyllst,
Vala Garðarsdóttir og
Sigríður G. Björgvinsdóttir



Mynd 1. Vatnstankurinn á Fiskhól, byggður 1949, horft til norðurs. (Ljós. SGB, des 2016).



Mynd 2. Engar minjar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði innan tjaldsvæðis. Horft til norður. (Ljós. SGB, des. 2016).



Mynd 3. Fyrrum garðlönd Hornfirðinga í útjaðri tjaldsvæðis. Horft til austurs. (Ljósm. SGB, des. 2016).



Mynd 4. Við Brautarholt vestur af Fiskhól, stóð fjárhús og hlaða. Horft til norðurs. (Ljósm. SGB, des. 2016).

Heimildir:

Arnbór Gunnarsson (1997). *Saga Hafnar í Hornafirði, Fyrri bindi, aðdragandi búsetu og frumbýlisár*. Hornafirði, Hornafjarðarbær.

Gísli Björnsson (1976). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýlu, III. Bindi*, Hafnarhreppur bls. 165-324. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó.